

Reykjavík, 3. maí 2018

Niðurstaða athugunar á tilgreindum þáttum áhættustýringar hjá Stefni hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á tilgreindum þáttum áhættustýringar hjá Stefni hf., sem hefur starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, í október 2017. Markmið athugunarinnar var meðal annars að fá yfirsýn yfir verklag félagsins og ferla varðandi ákvarðanatöku við fjárfestingar og leggja mat á fyrirkomulag og virkni innra eftirlits og áhættustýringar, með tilliti til laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga.

Í athuguninni var lögð áhersla á að kanna framkvæmd, eftirlit, upplýsingagjöf og hlítingu Stefnis hf. við tiltekna þætti sem tilgreindir eru í lögum nr. 128/2011 og reglugerð nr. 471/2014. Farið var yfir áhættustýringarstefnu félagsins, kannað var hvernig eftirliti með að eignasafn samræmdist fjárfestingarheimildum væri háttað, hvort félagið sinnti tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 43. gr. laga nr. 128/2011, hvernig mat á óskráðum eignum væri framkvæmt og farið yfir fundargerðir stjórnar og umfjöllun hennar um frávík frá fjárfestingarheimildum laga.

Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í apríl 2018. Helstu niðurstöður athugunarinnar voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að rekstrarsamningur Stefnis hf. við tiltekið félag samræmdist ekki starfsheimildum félagsins samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsheimildir rekstrarfélaga eru tæmandi taldar í lögum og fellur bein aðild Stefnis hf. að slíkum rekstrarsamningi ekki þar innan.

Fjármálaeftirlitið taldi að áhættustýringarstefna Stefnis hf. uppfyllti ekki að fullu ákvæði 6. kafla reglugerðar nr. 471/2014 og gerði athugasemd við að í stefnuna vantaði ítarlegri skilgreiningar og umfjöllun um nokkrar tegundir áhættu. Stefnir hf. hefur upplýst Fjármálaeftirlitið um að gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana til að bæta úr þeim atriðum er lutu að athugasemdinni.

Athugasemd var gerð við að Stefnir hf. lét á tímabilinu 1. júlí 2016 til 30. júní 2017 hjá líða að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins alls sjö tilvik er fjárfestingar fóru umfram leyfileg mörk fjárfestingarheimilda laga. Jafnframt gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við það að eign fjárfestingarsjóðs í rekstri Stefnis hf. í útgáfu skuldabréfa hafi verið umfram fjárfestingarheimildir laga sbr. 1. mgr. 59. gr. sbr. 2. tl. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 128/2011 í tvö ár. Með hliðsjón af atvikum máls og þeim úrbótum sem Stefnir hf. hefur gripið til með breytingum á verklagi í tengslum við tilkynningar á frávíkum frá fjárfestingarmörkum til Fjármálaeftirlitsins ákvað eftirlitið að beita félagið ekki viðurlögum vegna málsins.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfur um að Stefnir hf. geri viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi félagsins framkvæmi úttekt á úrbótum og skili Fjármálaeftirlitinu greinargerð í júní 2018.